



ÞINGERÐ GOLFPINGS

Laugardalshöll, 24.-25. nóvember 2017

Þingsetning

Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Forseti gerði grein fyrir þeim gögnum sem dreift væri til þingfulltrúa sem voru, Ársskýrsla 2017 þar sem fram kæmi skýrsla stjórnar og ársreikningur sambandsins fyrir árið 2017 ásamt tillögu að fjárhagsáætlun ársins 2018.

Innganga nýrra golfklúbba

Haukur tilkynnti að enginn nýr golfklúbbur hafi verið stofnaður frá síðasta þingi.

Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Forseti kom með tillögu um Hörð Geirsson, Bergsvein Þórarinsson og Sigurð J. Hallbjörnsson í þriggja manna kjörbréfanefnd. Tillagan var samþykkt og tók kjörbréfanefnd strax til starfa.

Kosning þingforseta

Forseti bar upp tillögu um Gunnar Bragason sem 1. þingforseta og Gunnar Gunnarsson sem 2. þingforseta og hlutu þau samþykki þingfulltrúa.

Kosning fyrsta og annars þingritara

Þingforseti bar upp tillögu um Sigurð Elvar Þórólfsson sem 1. þingritara og Arnar Geirsson sem 2. þingritara og hlutu þeir samþykki þingfulltrúa.

Skýrsla stjórnar

Haukur Örn Birgisson forseti fór yfir skýrslu stjórnar. Skýrsluna má lesa í heild sinni [hér](#).

Reikningar GSÍ

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri, kynnti reikninga sambandsins. Í máli hennar kom m.a. fram að auglýsingatekjur GSÍ hafa aldrei meiri og sambandið naut góðs af því að íslenska krónan var sterk á rekstrarárinu. [Reikninga GSÍ má nálgast hér](#).

Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir störfum sínum

Hörður Geirsson kom fram fyrir hönd nefndarinnar. Kjörbréf voru lögð fram frá 25 golfklúbbum með samtals 118 þingfulltrúa af rúmlega 201 mögulegum. Kjörbréfanefnd lagði til að þingið samþykkti kjörbréfin. Þingforseti bar þá tillögu upp til samþykktar og voru kjörbréfin samþykkt einróma.

Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins

Sigríður Jónsdóttir varaforseti ÍSÍ tók til máls. Hún flutti góðar kveðjur frá ÍSÍ og þakkaði þingfulltrúum fyrir frábært starf. Sigríður sagði ennfremur að það væru ekki margar íþróttir þar sem að þrjár kynslóðir gætu leikið saman og keppt væri á jafnréttisgrundvelli. Golfíþróttin er fjölskylduvæn íþrótt sagði Sigríður. Hún óskaði Hauki Erni Birgissyni forseta til hamingju með árangur golfhreyfingarinnar sem væri mikil viðurkenning fyrir íþróttahreyfinguna hér á landi.

Jón Baldursson, félagsmaður í GKG, tók til máls. Hann spurði Hauk Örn Birgisson forseta hver hafi tekið þá ákvörðun að vera með Íslandsmótið í holukeppni á 13 holu golfvelli í Vestmanneyjum. Jón spurði hvernig ákvörðunin var tekinn, var mótanefnd GSÍ höfð með í ráðum, stjórn GSÍ? eða var þetta bara ákvörðun forseta GSÍ?



Arnar Atlason, formaður GK, tók til máls. Arnar óskaði sambandinu til hamingju með góða niðurstöðu í ársreikningi og skýrslu stjórnar. Arnar þakkaði GSI einnig fyrir samstarfið við mótahaldið í sumar.

Haukur Örn Birgisson forseti svaraði Jóni Baldurssyni. Haukur sagði m.a að með aðtoð góðra manna hafi tekist að búa til 13 holu golfvöll. „Það hentaði best að hafa 13 holur. Stjórn GSI tók þessa ákvörðun í samráði við Golfklúbb Vestmannaeyja. Aðdragandinn var ekki langur. Ef við hefðum lengri fyrirvara hefðum gert eitthvað annað. Þetta heppnaðist vel. Það þarf ekkert að gera þetta aftur. Það er enginn heilög regla um 18 holu völl í mótahaldi. Keppendur skemmtu sér konunglega. Ég vona að þetta svari spurningunni,“ sagði Haukur Örn m.a..

Ekki tóku fleiri til máls og voru reikningar bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Matarhlé í 30 mínútur.

Kosning kjörnefndar og í starfsnefndir þingsins

Sjá neðar.

Framlagning stjórnar á fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri fór stuttlega yfir rekstraráætlun 2018-2019.

Lagðar fram lagabreytingar

Hörður Geirsson greindi frá því að fyrir þinginu lægi ein lagatillaga. Sú tillaga gengur út á það að létta undir með klúbbum sem eru fáa félagsmenn. Tillagan gengur út á að þessir klúbbar fái 70% eða 35% afslátt af félagagjöldum GSI.

Afreksnefnd

Jussi Pitkanen, fór yfir nýja afreksstefnu.

Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa stjórn

Haukur Örn Birgisson, gerði grein fyrir tillögum.

Þingskjal 1: Fjárhagsáætlun

Þingskjal 2: Lagabreyting

Þingskjal 3: Afreksstefna

Þingskjal 4: golf.is á auknum hraða vísað í IT nefnd, Guðmundur Óskarsson.

Þingskjal 5: Leikkortin, Gunnar Páll Pálsson, vísað í allsherjarnefnd

Þingskjal 6: Ályktun málefni eldri kyfinga, Jón B. Stefánsson vísað í allsherjarnefnd

Þingskjal 7: Tillaga mótanefndar, Ólafur Þór Ágústsson, vísað í mótanefnd

Þingskjal 8: kom seinna inn og fékk samþykki þingsins til umræðu.

Matthías Gallup kynning:

Net Promoter Score (NPS skor) hjálpar golfklúbbum að öðlast skilning á hversu vel þeir eru að standa sig ásamt því að varpa ljósi á viðskiptatryggðina sem þau búa við. Spurt var, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú mælir með golfklúbbnum þínum við vini eða kunningja? Hreint frábærar niðurstöður fyrir klúbba. 85% á að aðildin sé lagi.

Hörður Geirsson, kjörbréf. sem barst.



Niðurstöður nefnda

Laganefnd

Hörður Geirsson gerði grein fyrir lagabreytingu. Breytt fyrirkomulag á félagagjöldum klúbba til GSÍ.

Ólafur William Hand, stjórnamaður í GR, tók til máls. Lagði áherslu á að sækja á bæjarfélög með styrki. Hjálpa minni klúbbum að ná peningum úr sveitarfélögum.

Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri GKG, tekur undir með Ólafi. Hann segir að þetta gjald sem við greiðum til GSÍ er gjald kylfingsins til GSÍ. Agnar bendir á að lykilatriði sé að sveitarfélög komi betur að og þá þarf öflugt barna og unglingsstarf, þá þarf að vera kennsla fyrir hendi. Agnar bendir á að efla þurfi golfkennslu á landsbyggðinni, það gangi illa fyrir smærri klúbba að ráða golfkennara - og það eigi að vera sameiginlegt verkefni GSÍ, PGA á Íslandi og golfklúbba landsins að finna lausn á þessu vandamáli. Að mati Agnars væri best að skipta landinu upp í svæði, og á hverju svæði ætti að byggja upp þekkingu heimamanna á grunnatriðum í golfkennslu. PGA kennarar ættu að „fóstra“ hvert svæði. Fá sveitafélögin til að taka þátt.

Þingskjal 2

Samþykking: 30

Samþykkinga ekki: 36

Tillagan er felld.

Þingskjal 8

Björn Víglundsson, formaður GR, tók til máls. Hann lagði til að breyta orðalagi tillögunnar í þingskjali 8. Björn lagði að horft yrði til þess að finna lausnir til að styðja við golfklúbba á landsbyggðinni. Gunnar Þingforseti lagði til að orðalag þingskjalsins yrði endurskoðað af þeim sem lögðu fram tillöguna í þingskjali 8.

Tölvunefnd

Guðmundur Óskarsson kynnti niðurstöður tölvunefndar - IT nefndar.

Ólafur William Hand, úr GR, tók til máls. Ólafur sagði m.a. að mikil verðmæti væru í golf.is sem væri eign golfhreyfingarnar. Ólafur sagði að í samtölum sínum við yngri kylfinga, sem gæti flokkast undir óformlega skoðannakönnun, þá væri það ósk yngri kylfinga að fá meiri hraða og betra aðgengi að golf.is m.a. í snjalltækjum. Yngri kylfingar vilja meiri hraða og betra notendaviðmót. Tölvupóstar eru að deyja og miklar breytingar framundan. Slíta þarf fréttavefinn frá grunnkerfinu. Það er mikil samkeppni á þessu sviði og Ólafur fagnar vinnu nefndarinnar.

Börkur Arnviðarson frá GKB tók til máls. Hann sagði að grunnkerfi golf.is væri virkilega gamaldags og kerfið væri veikburða - og ekki nógu gott. Full þörf á meiri fjármunum til þess að gera golf.is betra

Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri GKG tók til máls. Hann greindi frá viðhorfskönnun sem klúbburinn væri að gera á meðal félagsmanna sinna. Þar var spurt að því hvort félagsmenn myndu nota smáforrit eða APP þar sem þeir gætu fengið ýmsar upplýsingar um fjarlægðir á vellinu, auk þess sem þeir gætu slegið inn skor í smáforritið. Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar voru á þá leið að 87% segjast ætla að nota smáforritið ef það er í boði.



Guðmundur Óskarsson tók aftur til máls og greindi frá því hvar hægt er að finna upplýsingar um þau gögn sem tölvunefndin hefur lagt fram.

Tillaga tölvunefndar sem finna má í þingskjali 4 var samþykkt samhljóða.

Fjárhagsnefnd

Árni Tómasson fór yfir þingskjal 1 í fjárhagsáætlun GSÍ. Áætlunin var samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd

Atli Þorvaldsson kynnti tilögu þess efni að LEK yrði hluti af GSÍ. Tillagan var samþykkt samhljóða. Enginn tók til máls.

Afreksnefnd

Haukur Óskarsson, framkvæmdastjór Nesklúbbsins, tók til máls fyrir hönd afreksnefndar GSÍ. Haukur sagði að um 20 manns hefðu tekið þátt í starfi og umræðum afreksnefndar. Í nefndinni var rætt m.a. aðkomu foreldra að afreksmálum, aðkomu þjálfara, mikilvægi þess að unglingar komist inn á heimslista gegnum mótaraðarnar hérna á Íslandi, sálfræðiþátturinn og fleira. Allt saman góð umræðuefni. Metnarfull framtíðarsýn sem lögð fram - lifandi plagg sem er ekki meitlað í stein. Framtíðarsýnin sem lögð er fram í þingskjali 3 var samþykkt í afreksnefnd.

Enginn tók til máls og var tillaga um afreksstefnu GSÍ samþykkt samhljóða,

Mótanefnd

Ólafur Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri Keilis kynnti tillögur mótanefndar. Ólafur sagði að um 20 manns hefðu komið að vinnu mótanefndar. Ólafur sagði að nefndin hefði verið öflug og unnið gott starf. Ekki voru gerðar efnislegar breytingar á núverandi skjali sem unnið hefur verið eftir undanfarin misseri. Ólafur sagði að mótanefndin hefði sett fram nokkra punkta og hugleiðingar. Þar á meðal að fækka mótum á Eimskipsmótaröðinni. Klúbbakeppni innan Eimskipsmótaröðarinnar var rætt og hafði mótanefnd áhyggjur af því að stærstu klúbbarnir yrðu einráðir í klúbbakeppninni. Komið var inn samstarf við Nordic League og er mótanefndin hlynnt því að skoðað verði hvort hægt sé að koma á samstarfi við atvinnumannamótaröðir á Eimskipsmótaröðinni. Að mati mótanefndar væri slíkt samstarf gott fyrir íslensku atvinnumótaröðarinnar. Lokakafli Eimskipsmótaröðarinnar er að mati mótanefndar ekki nógu vel skilgreindur - og ekki nógu vel kynnt og uppbygging mótaröðarinnar er óljós að margra mati. Mótanefndin hvetur golfklúbba til að kynna sér drög að mótaskrá GSÍ næstu tvö árin.

Ólafur William Hand frá Golfklúbbir Reykjavíkur, tók til máls. Hann spurði hvort mótanefnd hefði haldið áfram að vinna að því að stigskipta golfvöllum landsins - og óskaði eftir svörum um stöðuna á því verkefni.

Haukur Örn Birgisson forseti GSÍ tók til máls. Haukur sagði að verkefnið við að stigskipta golfvöllum landsins vera flókið viðfangsefni. Haukur greindi frá því að ekki hafi náðst að klára þá vinnu fyrir þingið.

Þingskjal 7 frá mótanefnd GSÍ var samþykkt samhljóða

Þingskjal 8

Björn Víglundsson tók til máls og lagði fram breytingatillögu að þingskjali 8 sem er svohljóðandi.

Á golfþingi var lögð tillaga til lagabreytingar sem felur í sér ríflegan afslátt félagsgjalds til



fámennustu klúbba innan raða GSÍ. Tillaga þessi var felld. Golfþing er sammála því að aðstæður golfklúbba til reksturs er mjög mismunandi. Enda er fjöldi meðlima þeirra mjög mismunandi. Golfþing leggur til að málefni minni golfklúbba verði skoðuð á heilstæðan hátt og lagt fyrir næsta golfþing. Aðgerðaaætlun verði unnin sem innifelur högun félagsgjalds, stuðning við minni golfklúbba, jaðaráhrif slíkra breytinga og hugsanlegar lagabreytingar sem þurfa að fylgja til að lágmarka neikvæð áhrif. T.d. að það einskorðist ekki við að aðeins einn golfklúbbur geti verið aðili að GSÍ fyrir hvern golfvöll. Tillagan var lögð fram að nýju og samþykkt samhljóða.

13. Önnur mál

Haukur Örn tók til máls og veitti sjálfboðaliða ársins 2017 viðurkenningu. Það bárust margar tilnefningar. Már Sveinbjörnsson, félagsmaður í Keili, fékk viðurkenninguna sem sjálfboðaliði ársins 2017. Haukur sagði frá því helsta sem Már hefur gerst sem sjálfboðaliði á undanförunum árum. Ólafur Þór Ágústsson framkvæmdastjóri Keilis tók við viðurkenningu og þakkaði honum aftur.

Guðmundur Sigvaldason framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis hélt erindi um samskipti golfklúbba við sveitarfélög.

Edwin Roald golfvallahönnuður hélt erindi.

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingu, tók þátt í pallborðsumræðum sem Hulda Bjarnadóttir stýrði.

14. Álit kjörnefndar

Ingi Þór Hermannsson formaður kjörnefndar tók til máls. Framboðsfrestur liðinn, framboð bárust til stjórnar og dómaranefndar. Framboðsfrestur framlengdir. Einungis í þær nefndir sem ekki var búið fylla. 4 framboð bárust.

Haukur Örn Birgisson

Kristín Guðmundsdóttir

Gunnar K. Gunnarsson
Hansína Þorkelsdóttir
Bergsteinn Hjörleifsson
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Jón B. Stefánsson
Jón Steindór Árnason
Hulda Bjarnadóttir
Hörður Geirsson

Endurskoðendur kjörnir

Ómar Kristjánsson
Helga Harðardóttir
Birna Mjöll Rannversdóttir, Varamaður
Ólafur Már Ólafsson, Varamaður



Áfrýjunardómstóll GSÍ kjörinn

Rúnar S Gíslason, formaður
Bergþóra Sigmundsdóttir, meðstjórnandi
Gunnar Viðar, meðstjórnandi

Helga Melkorka Óttarsdóttir, varamaður
Sigurður Ingi Halldórsson, varamaður
Þórir Bragason, varamaður

Dómstóll GSÍ kjörinn

Hjörleifur Kvaran, formaður
Vala Valtýsdóttir, meðstjórnandi
Guðmundur Sophusson, meðstjórnandi

Áhugamannamennskunefnd GSÍ kjörinn

Gísli Guðni Hall, formaður
Guðmundur Friðrik Sigurðsson, meðstjórnandi
Hafdís Helgadóttir, meðstjórnandi
Gunnar Ingi Björnsson, varamaður
Bergur Steingrímsson, varamaður
Jónbjörg Kjartansdóttir, varamaður

Aganefnd GSÍ kjörinn

Guðmundína Ragnarsdóttir, formaður
Sigurður Geirsson, meðstjórnandi
Jónatan Ólafsson, meðstjórnandi
Ingunn Ólafsdóttir, varamaður
Bergsteinn Hjörleifsson, varamaður
Eggert Eggertsson, varamaður

Forgjafar og vallarmatsnefnd kjörinn

Guðmundur Magnússon, formaður
Guðrún Jónsdóttir, meðstjórnandi
Arnar Geirsson, meðstjórnandi
Ásgeir Eiríksson, varamaður
Andrés I. Guðmundsson, varamaður
Hjörtur Freyr Vigfússon, varamaður

Kjörnefnd kjörinn

Ingi Þór Hermannsson
Elsa Valgeirsdóttir
Auðunn Guðjónsson
Berglind Helgadóttir
Sigmundur Ófeigsson



Kosning fulltrúa á Íþróttþing

Samþykkt var að vísa skipan fulltrúa á næsta Íþróttþing til stjórnar sambandsins til afgreiðslu.

Þingslit

Haukur Örn Birgisson forseti GSÍ þakkaði það traust sem honum var sýnt og bauð nýja stjórnar- og nefndarmenn velkomna til starfa fyrir golfhreyfinguna. Að því loknu óskaði hann þingfulltrúum velfarnaðar í störfum sínum og góðrar heimferðar.